

## REGLUR

### um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl., og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds.

#### 1. gr.

##### *Öflun tekna til viðbótar fjárveitingu á fjárlögum.*

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla er Háskóla Íslands heimilt að afla sér tekna til viðbótar fjárveitingu á fjárlögum. Háskólaráð setur nánari reglur um gjalddöku og ráðstöfun gjalda samkvæmt sömu lagagrein. Þessar reglur eru settar í samræmi við það.

#### 2. gr.

##### *Skrásetningargjald.*

Skrásetningargjald	kr. 75.000
Leyfi til skrásetningar utan auglýsts skrásetningartímabils	kr. 10.000
Skrásetningargjald - öryrki og nýskráning á vormisseri	kr. 55.000
Skráningargjald öryrki - nýskráning á vormisseri með álagi	kr. 65.000
Skrásetningargjald - gestanemandi á samningi	kr. 10.000
Skrásetningargjald - gestanemandi án samnings	kr. 20.000
Skrásetningargjald - í leyfi	kr. 10.000
Skrásetningargjald - úr leyfi	kr. 65.000

#### 3. gr.

##### *Staðfesting skráningar, gjalddagi og eindagi skrásetningargjalds.*

Eindagi skrásetningargjalds er sem hér segir:

4. júlí vegna skrásetningar á auglýstum umsóknartímabilum (mars/apríl, nýskráning í framhaldsnám, mars/júní, nýskráning í grunnnám, desember/janúar, erlendir umsækjendur).
4. júlí vegna skrásetningar í áframhaldandi nám (mars/apríl) fyrir komandi háskólaár.
6. janúar vegna skrásetningar á auglýstum umsóknartímabilum á vormisseri, ef um slíkt er að ræða (september/október, umsóknir í framhaldsnám, október/nóvember, umsóknir í grunnnám).
- 20 dögum eftir að doktorsnemi er samþykktur í háskólann.

Beri eindaga upp á laugardag, sunnudag eða almennan frídag, færast eindagi til næsta virka dags þar á eftir.

Greiðsluheimild fellur úr gildi á eindaga, 4. júlí. Frá 5. júlí til og með 4. ágúst geta nemendur sem ekki hafa greitt skrásetningargjald fyrir eindaga sótt skriflega um leyfi til að ganga frá staðfestingu á skráningu utan auglýstra skráningartímabils. Um slíkt leyfi er sótt til nemendaskrár. Fáir nemandi leyfi til skráningar greiðir hann skrásetningargjald með 10.000 kr. álagi eigi síðar en 4. ágúst og staðfestir þar með skrásetningu sína í háskólann. Frá og með 4. ágúst fellur sá möguleiki niður og þar með heimild til skólavistar. Nemandi sem fengið hefur heimild til að hefja nám á vormisseri verður að hafa staðfest skrásetningu sína fyrir eindaga, sem er 6. janúar.

#### 4. gr.

##### *Heimildir til lækkunar skrásetningargjalds.*

Í lögum er fjárhæð skrásetningargjalds ákvörðuð fyrir heilt háskólaár, nú kr. 75.000, sbr. 2. gr. Lægra skrásetningargjald er heimilt að innheimta í eftirfarandi tilvikum:

- Ef stúdent á við verulega fötluð að stríða, sem haft getur áhrif á námsframvindu hans, kr. 55.000, sbr. 2. gr.
- Ef stúdent hefur fengið samþykki deildar til að gera hlé á námi sínu eitt eða tvö kennslumisseri, en þó á sama háskólaári, kr. 10.000, sbr. 2. gr. þessara reglna og 5. mgr. 48. gr. reglna nr. 569/2009.

- c) Ef stúdent stundar nám á grundvelli samnings milli Háskóla Íslands og annars háskóla, kr. 10.000, sbr. 2. gr. Gestanemandinn tekur að jafnaði eitt til tvö námskeið við háskólann sem hluta af námi sínu við viðkomandi heimaskóla þar sem hann greiðir fullt skrásetningargjald.
- d) Í því tilviki þar sem ekki er samningur á milli Háskóla Íslands og viðkomandi heimaskóla gestanemanda, kr. 20.000, sbr. 2. gr., enda liggi fyrir skrifleg beiðni frá viðkomandi skóla um að nemandinn taki námskeiðin sem hluta af námi sínu við heimaskólann. Skilyrði er að gestanemandinn greiði fullt skrásetningargjald í sínum heimaskóla og taki að hámarki tvö námskeið (10 einingar) á misseri við Háskóla Íslands.

## 5. gr.

*Undanþága frá greiðslu skrásetningargjalds.*

Alþjóðlegir skiptinemar samkvæmt samningum sem Ísland er aðili að og gestanemendur frá öðrum opinberum háskólum á Íslandi eru undanþegnir greiðslu skrásetningargjalds, enda hafi þeir greitt við sinn heimaskóla. Heimilt er í samstarfssamningum háskólans við erlenda háskóla, einkum vegna meistara- og doktorsnáms, að leyfa frávik frá greiðslu.

## 6. gr.

*Endurgreiðsla skrásetningargjalds.*

Skrásetningargjald er ekki endurkræft ef skráður stúdent hættir námi.

Endurgreiðsla skrásetningargjalds er einungis möguleg ef ákvarðanir háskóladeilda eða annarra opinberra aðila raska forsendum stúdents fyrir því að hefja nám. Rökstutt erindi þar að lútandi skal sent nemendaskrá fyrir upphaf kennslumisseris.

## 7. gr.

*Umsókn um skrásetningu utan aughýstra skrásetningartímabila.*

Sviðsstjóra kennslusviðs er heimilt, ef sérstaklega stendur á, s.s. vegna veikinda eða annarra ófyrirséðra ástæðna, að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en kveðið er á um í 2. mgr. 48. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009, sbr. einnig 3. gr. þessara reglna. Rökstudd umsókn þar að lútandi skal send nemendaskrá.

## 8. gr.

*Ráðstöfun skrásetningargjalds*

Skrásetningargjaldið er bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög. Háskólaráð ráðstafar skrásetningargjaldi á þá kostnaðarliði, sem falla undir gjaldið lögum samkvæmt.

## 9. gr.

*Umsýslu- og afgreiðslugjald vegna erlendra umsókna.*

Umsýslu- og afgreiðslugjald vegna umsókna nemenda með ríkisfang utan Evrópska efnahags-svæðisins, að undanskildum Færeyjum og Grænlandi er EUR 50.

Umsýslu- og afgreiðslugjald miðast við þá vinnu að taka á móti hverri umsókn, fara yfir hana og tilheyrandi fylgigögn, eiga samskipti við umsækjendur m.a. ef fylgigögn vantar, meta umsókn og afgreiða hana. Miðað er við evrur þegar umsóknirnar koma erlendis frá.

## 10. gr.

*Staðfest vottorð og innsíglun gagna.*

Afrit brautskráningarskírteinis	kr.	350
Ferilsyfirlit	kr.	350
Vottorð	kr.	350
Námskeiðslýsingar pr. bls., hámark kr. 1.750	kr.	350
Staðfesting á skírteini	kr.	350
Skjal sem sent er í símbréfi	kr.	350
Þýðing eldra brautskráningarskírteinis	kr.	2.500
Aukaafrit af staðfestu vottorði pr. bls.	kr.	7

Innsíglun gagna pr. umslag kr. 50

Nemendur Háskóla Íslands geta á hverjum tíma nálgast, án endurgjalds, yfirlit yfir námsferil sinn í nemendakerfinu, Uglu, og við námslok fá þeir afhent brautskráningarskírteini, brautskráningaryfirlit, ásamt viðauka við prófskírteinið á íslensku og ensku. Óski nemendur umfram það eftir staðfestu vottorði um nám sitt við Háskóla Íslands, s.s. staðfestingu á skólavist, námsferilsyfirliti, námskeiðalýsingum eða afriti brautskráningarskírteina, greiða þeir fyrir það. Gjald vegna vottorða miðast eingöngu við pappírs- og prentkostnað. Þýðing eldra prófskírteinis miðast við vinnu við þýðingu og kostnaður við innsíglun felst í umslagi og límmiða, án sendingarkostnaðar.

## 11. gr.

*Vinnsla vegna kannana.*

Vinnsla vegna kannana kr. 3.000

Kannanir eru sendar skv. beiðni hverju sinni til úrtaks nemenda úr gögnum nemendaskrár eftir forskrift verkbeiðanda, kennara eða nemanda. Kannanir eru eingöngu sendar út vegna verkefna sem vega 10 einingar eða meira. Vinna telst um 1-2 klst. og er ítrekun innifalin.

## 12. gr.

*Stúdentakort.*

Stúdentakort – rafrænt kr. 1.500  
Stúdentakort – rafrænt – skilagjald kr. -1.000

Kostnaður felst í korti með örgjörva og prentun á kortið. Hluti kostnaðar er endurgreiddur er korti er skilað.

## 13. gr.

*Umframþjónusta Náms- og starfsráðgjafar.*

Áhugasviðskönnun Strong kr. 12.000  
Námstækninámskeið kr. 6.000  
Sjálfstyrkingarnámskeið kr. 8.000  
Prófkviðanámskeið kr. 8.000  
Vinnustofa í lokaverkefnum kr. 2.000  
Vinnustofa í undirbúningi fyrir atvinnulífið kr. 2.500  
Námsval – að hefja háskólanám kr. 2.000  
Sálfræðiráðgjöf háskólanema kr. 2.000

Miðað er við meðaltalskostnað við tímakaup ráðgjafa og launakostnað skrifstofu, auk kostnaðar við pappír og prentun.

## 14. gr.

*Gjöld vegna prófa.*

Endurtökupróf kr. 6.000  
Inntökupróf í læknadeild kr. 20.000  
Fjarpróf utan skipulagðs fjarnáms:  
próf við HÍ haldið á Íslandi kr. 3.000  
" ½ gjald ef fleiri en eitt próf kr. 1.500  
próf við HÍ haldið erlendis kr. 5.000  
" ½ gjald ef fleiri en eitt próf kr. 2.500  
próf annarra þreytt við HÍ utan prófatíma kr. 8.000  
" ½ gjald ef fleiri en eitt próf kr. 4.000  
próf annarra þreytt við HÍ á prófatíma kr. 5.000  
" ½ gjald ef fleiri en eitt próf kr. 2.500

Kostnaðarliðir eru m.a. laun prófgæslufólks, breytileg laun umsjónarmanna, prófgögn, leiga á tölvuverum sem á við í um 20-30% prófa, umsýsla og póstkostnaður þar sem við á vegna fjarprófa. Enginn fastur kostnaður, s.s. föst laun, er talinn með.

## 15. gr.

*Upptökur á ráðstefnum og eMission.*

Upptökur á ráðstefnum, fyrsta klukkustund	kr. 10.000
Hver klukkustund eftir fyrstu klukkustund	kr. 5.000
Fast viðbótargjald ef upptaka er utan dagvinnutíma	kr. 20.000
eMission hýsing og umsýsla, árgjald að lágmarki	kr. 30.000

Við upptökur á ráðstefnum er miðað við vélaleigu, laun, forrit, tölvubúnað o.fl. Forritið eMission er notað við upptökur á kennslustundum í námskeiðum sem kennd eru í fjarnámi og eftir atvikum til upptöku á öðrum fyrirlesturum og málstofum sem og við ýmsa námsgagnagerð. Árgjald við hýsingu og umsýslu er áætlað miðað við 10-15 upptökur á ári.

## 16. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglur þessar sem settar eru með stoð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. einnig 48. og 71. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, og taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 287/2012 um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við nemendur o.fl.

*Háskóla Íslands, 7. mars 2014.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

Þórður Kristinsson.